

## STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2020, mánudaginn 28. september kl. 13:00 var haldinn 294. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn um fjarfundabúnað. Fundarmenn: Brynhildur Davíðsdóttir, Gylfi Magnússon, Hildur Björnsdóttir, Eypór Laxdal Arnalds, Sigríður Rut Júlíusdóttir, Valgarður Lyngdal Jónsson og Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir. Einnig sat fundinn Bjarni Bjarnason, forstjóri.

Fundarritari var Elín Smáradóttir.

### Þetta gerðist:

1. Lögð fram fundargerð SF 293. Undirritun frestað.
2. Klukkan 13:10 mætti Ingvar Stefánsson, framkvæmdastjóri fjármála til fundarins og kynnti fjárhagsspá samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur fyrir árið 2021 ásamt langtímaspá út árið 2026.

Klukkan 13:20 mætti Berglind Rán Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri Orku náttúrunnar til fundarins og kynnti fjárhagsspá félagsins. Klukkan 13:45 mætti Erling Freyr Guðmundsson, framkvæmdastjóri Gagnaveitu Reykjavíkur til fundarins og kynnti fjárhagsspá félagsins. Erling gerði einnig grein fyrir og svaraði fyrirspurnum um stöðu samningamála Gagnaveitu Reykjavíkur. Klukkan 14:00 mætti Gestur Pétursson, framkvæmdastjóri Veitna til fundarins og kynnti fjárhagsspá félagsins. Ingvar Stefánsson kynnti fjárhagsspá Carbfíx í fjarveru Eddu Sifjar Áradóttur, framkvæmdastjóra félagsins. Afgreiðslu spárinnar frestað til aukafundar stjórnar, sem haldinn verður mánudaginn 5. október nk. kl 13:00 um fjarfundabúnað.

Ingvar kynnti stöðu fjármögnunar OR.

Klukkan 14:50 kom Sæmundur Friðjónsson, forstöðumaður upplýsingatækni til fundarins og gerði grein fyrir áhættuvörnum vegna netöryggisatvika og viðbrögðum við slíkum atvikum.

Lögð fram áhættuskýrsla dags. 31.08.2020

3. Klukkan 15:00 mætti til fundarins Kenneth Breiðfjörð, forstöðumaður Innkaupa. Hann lagði fram og kynnti innkaupareglur OR og tillögur að breytingum á þeim. Innkaupareglur samþykktar samhljóða.
4. Klukkan 15:10 mætti Eiríkur Hjálmarsson, sérfræðingur í samfélagsábyrgð til fundarins, kynnti stefnu um samfélagsábyrgð Orkuveitu Reykjavíkur og lagði til breytingar á stefnunni. Stefnan rýnd og samþykkt samhljóða.
5. Klukkan 15:15 mætti Hólmfríður Sigurðardóttir, umhverfisstjóri til fundarins, lagði fram og kynnti minnisblað um stöðu umhverfismælikvarða dags. 24. september s.l. Einnig lagt fram minnisblað um stöðu forðagæslu dags. 24. september s.l. Umræður.
6. Elín Smáradóttir lagði fram og kynnti minnisblað, dags. 25. september 2020 um hvað þyrfti til að breyta Carbfíx ohf. í hlutafélag, sem tekið var saman í samræmi við beiðni á SF293.
7. Forstjóri lagði fram og gerði grein fyrir skýrslu sinni, dags. 20. september 2020, um starfsemina á milli stjórnarfunda.
8. Önnur mál.

Lagt fram erindi Endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar dags. 23. september 2020 um skipan stjórna dótturfélaga. Stjórn óskar eftir samantekt um afstöðu stjórnenda til málsins fyrir næsta stjórnarfund.

Lagt fram erindi Guðrúnar Erlu Jónsdóttur, stefnustjóra dags. 28. september 2020 um breytingu á Stefnuráði og áhrif á starfsáætlun stjórnar.

Fleira gerðist ekki.

**Fundi slitið kl. 15:52.**

**Næsti fundur stjórnar verður haldinn þann 26. október 2020.**

Brynhildur Davíðsdóttir

Gylfi Magnússon  
Hildur Björnsdóttir  
Valgarður Lyngdal Jónsson

Sigríður Rut Júlíusdóttir  
Eypór Laxdal Arndals  
Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir.